

Nr. 21-037 S 025 Kristín ÓF 49**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1765
Útgerð: Glaumur ehf
Smíðaður: Samtak, 1988, trefjaplast.
Stærð: 5,86 brl. 9,35 bt.
Mesta lengd: 9,45 m Skráð lengd: 9,42 m
Breidd: 3,4 m Dýpt: 1,26 m
Vél: Cummins, 187 kW 1998
Fjöldi skipverja: 2



Kristín©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. apríl 2021 var Kristín ÓF 49 á grásleppuveiðum á NA miðum. Veður: SA 2 m/s.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana í austanverðum Héðinsfirði og óskað var eftir aðstoð. Magnús Jón ÓF 14 dró Kristínu til hafnar á Ólafsfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að eldsneytiskerfið stíflaðist og vélin svalt olíu;
- að við skoðun voru silíkonkennd (þykkildi) óhreinindi í olútönkunum, síum og í lögnum;
- að Racor eldsneytissíur voru á fæðilögninni;
- að báturinn var með tvo 350 lítra botngeyma sem voru hreinsaðir eftir atvikið og var töluvert af þessum óhreinindum þar;
- að ekki var tekið sýni af eldsneytinu.

Nefndarálit:

Nefndin telur líkur á að bakteríumyndun hafi orðið í olíunni vegna raka í botntönkunum.